



## Borgarstjórn Reykjavíkur 16. júní 2026

### Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um að mannréttindaráð verði lagt niður

Lagt er til að mannréttindaráð Reykjavíkur verði lagt niður, verkefni þess flutt til velferðarráðs og eftir atvikum menningarráðs. Forsætisnefnd er falið að vinna að breytingum á samþykktum velferðarráðs og menningarráðs eftir því sem þurfa þykir, í samráði við mannréttindaskrifstofu, velferðarsvið og menningar- og íþróttasvið. Tillögu að slíkum breytingum skal leggja fram til afgreiðslu á fundi borgarstjórnar í september nk.

### Greinargerð

Mikið verk bíður nýkjörinnar borgarstjórnar við að koma fjárhag Reykjavíkurborgar á réttan kjöl. Endurskoða þarf allan rekstur og finna leiðir til hagræðingar. Ljóst er að mörg tækifæri eru til sparnaðar í stjórnsýslu borgarinnar, sem er óþarflega stór og flókin.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna mannréttindaskrifstofu nemur rúmum 244 milljónum króna í ár samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Verkefni skrifstofunnar eru hvorki svo margslungin né umfangsmikil að hafa þurfi sjö manna pólitískt ráð yfir henni. Því er rétt að leggja mannréttindaráð (01270) niður og færa verkefni þess ásamt mannréttindaskrifstofu (01271) undir velferðarsvið ásamt aðgerðum gegn heimilisofbeldi (09526) og Bjarkarhlíð (09527). Verkefni, sem snúa að þjónustu við innflytjendur (09512), má einnig færa undir velferðarsvið eða nýstofnað menningarráð eftir atvikum. Mannréttindaráð Reykjavíkur hefur starfað í núverandi mynd frá því í mars 2025.

Samkvæmt samþykkt ráðsins gegnir það hlutverki samráðsnefndar borgarinnar í jafnréttismálum, ofbeldisvörnum, sem og í málefnum aldraðra, fatlaðra, innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn.

Mannréttindaráð hefur farið með hlutverk öldungaráðs í Reykjavík samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem önnur lög mæla fyrir um.

Þegar hefur verið samþykkt að flytja samráð vegna málefna aldraðra frá mannréttindaráði þar sem borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 2. júní sl. að stofna sérstakt öldungaráð að nýju. Þótt mannréttindaráð Reykjavíkur verði lagt niður á að sjálfsgöðu að gera þá kröfu til allra fagsviða og fyrirtækja borgarinnar hér eftir sem hingað til, að þar verði mannréttindi í heiðri höfð.

